

Vaka hf, björgunarfélag
Héðinsgötu 1-3
105 Reykjavík

30. júní 2020

Umhengni á Leirvogstungumelum.

Með bréfi dagsett 9. júní var tekin saman niðurstaða sameiginlegrar eftirlitsferðar heilbrigðisfulltrúa með Vöku um land fyrirtækisins á Leirvogstungumelum. Í bréfinu fór heilbrigðiseftirlitið fram á að Vaka legði fram tímasetta áætlun um hreinsun svæðisins. Með bréfi dagsett 14. júní lagði Vaka fram áætlun um hreinsun. Í henni kemur fram að hreinsun verði lokið á svæði 1 fyrir 30. júní, á svæði 2 og 3 fyrir 15. júlí og á svæði 4 fyrir 31. júlí. Jafnframt kemur fram að fyrirhugað er að safna saman á svæði 1 stærri ökutækjum og gámum. Ekki kemur skýrt fram að svæði 2 verði lokað. Jafnframt kemur fram að aðkoma að svæðinu verði lokað með aksturshliði til að takmarka umferð inn á svæðið.

Mál Vöku var tekið fyrir á 54. fundi heilbrigðisnefndar þann 16. júní og var tímasett áætlun Vöku þar m.a. til umræðu. Bókað var um málið eftirfarandi:

2. Leirvogstungumelar.

Þann 2. desember 2019 sækir Valur Stefánsson f. h. Vöku hf. um starfsleyfi fyrir geymslusvæði fyrir bifreiðar og tæki á Leirvogstungumelum. Óskað var umsagnar Mosfellsbæjar þann 2. desember 2019 um umsóknina og barst umsögn frá skipulagsyfirvöldum í Mosfellsbæ þann 3. desember 2019, þar sem ekki var hægt að taka afstöðu til erindisins. Umsögn skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar um umsókn Vöku um starfsleyfi barst 9. júní. Niðurstaða umsagnar er neikvæð því óskinn er í ósamræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar sem og ákvæði skipulagsreglugerðar. Eftirlitsferð var farin 9. júní 2020 með fulltrúum Vöku. Nokkur hreinsun hefur átt sér stað á svæðinu. Heilbrigðiseftirlitið óskaði eftir tímasettri áætlun um hreinsun svæðisins frá Vöku. Minnisblað heilbrigðiseftirlits lagt fram.

Heilbrigðisnefnd bókaði:

Ekki er forsenda til að afgangi umsókn Vöku um geymslusvæði í kjölfar neikvæðrar umsagnar frá skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar. Afgreiðsla umsóknar er því hafnað. Heilbrigðisnefnd fellst á tímamörk um hreinsun svæða 2, 3 og 4 í áætlun Vöku en hafnar söfnun á efni á svæði 1 og mögulega 2 og gerir kröfu um að öll svæði verði hreinsuð innan tímamarka. Lokafrestur til hreinsunar allra svæða er gefin til 1. september n.k.

Allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrri skal vera í samræmi við skipulag. Samkvæmt umsögn skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar er niðurstaða umsagnar neikvæð þar sem umsókn er í ósamræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar sem og ákvæði skipulagsreglugerðar. Með vísan til framangreinds tilkynnist hér með að umsókn Vöku um starfsleyfi er hafnað með vísan til neikvæðrar umsagnar Mosfellsbæjar, enda er ósk um starfsemi á svæðinu í ósamræmi við aðalskipulag Mosfellsbæjar sem og ákvæði skipulagsreglugerðar, sbr. ákvörðun heilbrigðisnefndar.



Líkt og fram kemur í bókun heilbrigðisnefndar féllst nefndin á tímamörk sem fram koma í áætlun Vöku um hreinsun svæða 2, 3 og 4 en hafnar því að söfnun haldi áfram á svæði 1 (og mögulega 2). Heilbrigðisnefndin gerir jafnframt kröfu um að öll svæði verði hreinsuð innan ákveðinna tímamarka. Lokafrestur til að hreinsa öll svæði er til 1. september. Eftir 1. september skulu allir munir og allur úrgangur vera farin af svæðum 1, 2, 3 og 4 og óheimilt að safna eða geyma bíla, brotajárn, úrgang eða annað það sem óprýði er af.

Ákvörðun þessa er unnt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis -og auðlindamála, sbr. 65. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og lög um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

Virðingarfyllt



Árni Davíðsson
staðgengill framkvæmdastjóra

Afrit: Bæjarráð Mosfellsbæjar.